



Til: bgr@os.is

Efni: Beiðni um umsögn um umsókn Hafnarsjóðs Fjarðarbyggðar um leyfi til töku malar og sands af hafsbotni út af Eyri í Reyðarfirði

Upplýsingar: Sent: 02.10.2017 16:14:09 af Trausti Baldursson, Málsnúmer: 2017090014, Bréfalyklar: 42-8 um efnisnám og aðrar náttúruauðlindir

---

Tilvísun í mál: 2017090014

Vísað er til bréfs frá Orkustofnun, dags. 8. september sl., þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um umsókn Hafnarsjóðs Fjarðarbyggðar um leyfi til töku malar og sands af hafsbotni út af Eyri í Reyðarfirði. Um er að ræða töku á allt að 80.000 m<sup>3</sup> af mól og sandi af hafsbotni á um 22.000 fermetra svæði. Efnistakan var tilkynningarskyld til Skipulagsstofnunar til ákvörðunar um matsskyldu en stofnunin ákvað 7. september sl. að framkvæmdin skyldi ekki háð mati á umhverfisáhrifum. Verið er að vinna mat á umhverfisáhrifum fyrir mun umfangsmeiri efnistöku í Reyðarfirði eða fyrir allt að 500 til 600 þúsund rúmmetra af efni.

Náttúrufræðistofnun hefur farið yfir gögn málsins og telur að sýnt hafi verið fram á að ekki sé líklegt að framangreind efnistaka hafi umtalsverð umhverfisáhrif á náttúru Reyðarfjarðar, umfram það sem verður á efnistökusvæðið sjálft, sjá m.a. rökstuðning Skipulagsstofnunar vegna ákvörðunar um matsskyldu. Náttúrufræðistofnun geri því ekki athugasemd við að leyfi verði veitt til framangreindrar efnistöku eins og henni hefur verið lýst í gögnum málsins. Ljóst er að ef ráðast á í mun umfangsmeiri efnistöku þarf að skoða heildaráhrif hennar og annarrar starfsemi s.s. fiskeldis á náttúru fjarðarins t.d. botndýralíf.

Virðingarfyllt,

Trausti Baldursson  
Náttúrufræðistofnun Íslands  
Icelandic Institute of Natural History  
Urriðaholtsstræti 6-8  
Pósthólf 125 (P.O. Box 125)  
212 Garðabær  
Sími/Tele: 590 0500  
Email: trausti@ni.is

